

STJÓRNARTÍÐINDI B 36 – 2000

17. mars 2000

435

Nr. 179

AUGLÝSING

um deiliskipulag tveggja frístundalóða í landi Kaldárhöfða, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag tveggja frístundalóða við Lyngvík í landi Kaldárhöfða, Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 17. mars 2000.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.

16. mars 2000

Nr. 180

AUGLÝSING

um deiliskipulag við Gilsbúð í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti þann 2. mars 2000 deiliskipulag við Gilsbúð í Garðabæ, lóð nr. 9 og bílastæðalóð fyrir stóra bíla. Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Garðabæ, 16. mars 2000.

F. h. Garðabæjar,

Eiríkur Bjarnason bæjarverkfræðingur Garðabæjar.

13. mars 2000

Nr. 181

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra nr. 8/2000 um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur vegna álagningar opinberra gjalda lögaðila.

Með vísan til 118. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið að breyta tímamarki því sem skattstjórum er sett, sbr. 99. gr. sömu laga, til að úrskurða kærur sem bárust vegna þeirrar álagningar opinberra gjalda er lauk 29. október 1999.

Skattstjórar skulu hafa lokið við að úrskurða kærur vegna álagningar gjalda á tekjur ársins 1998 og eigna í lok þess árs 11. apríl 2000 í stað 15. mars 2000.

Reykjavík, 13. mars 2000.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.